

## **Skólaráðsfundur 30. mars 2022, annar fundur skólaársins**

Mættir: Friðrik skólastjóri, Katrín Fjóra deildarstjóri, Hugrún og Matthildur fulltrúar kennara, Ester fulltrúi annara starfsmanna, Freydís Dana fulltrúi foreldra, Dórópea fulltrúi grendarsamfélags, Alexander Már og Bil fulltrúar nemenda

Dagskrá fundar

Innra mat – foreldrakönnun

Skóladagatal

Opinn fundur með skólaráði

Friðrik fór yfir fundaplanið, og talaði um mikilvægi þess að styrkja foreldrasamstarf.

Í ár var í fyrsta sinn gerð foreldrakönnun í gegnum Skólapúlsinn. Sendur er listi með nöfnum allra foreldra og nánast allir foreldrar þurfa að svara, en bara eitt svar fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna þeirra í skólanum. Um það bil 180 foreldrar svöruðu könnuninni.

Friðrik fór yfir niðurstöðurnar sem skiptast í fjóra þætti:

### **Nám og kennsla**

Allir þættir þar koma undir landsmeðaltali. Ánægja með nám og kennslu er einna mest á miðstigi.

Flestir eru frekar eða mjög sammála að hæfir kennarar vinni við skólann og að ánægja er með kennsluaðferðir.

Ánægja með stjórnun skólans er töluvert undir landsmeðaltali. Foreldrar telja einnig að það skorti aga í skólanum.

### **Velferð nemenda**

Foreldrar telja að skólinn mæti þörfum nemenda vel og svör þeirra benda til að líðan nemenda bæði í skólanum og í kennslustundum sé betri en landsmeðaltal. Hins vegar virðast foreldrar telja að skólinn megi gera betur í eineltismálum. Bæði hvað varðar ánægju með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu úr málum og hversu hratt er unnið úr málum. Rætt var um hvernig

hægt er að bæta hér úr. Spurning um að fá utanaðkomandi aðila til að rýna betur í þessa hluti.

### **Aðstaða og þjónusta**

Hér koma allir þættir vel út og t.d. er mikil ánægja með mötuneyti

### **Foreldrasamstarf:**

Foreldrar telja sig hafa minni áhrif á ákvarðanir varðandi þeirra barn en landsmeðaltal. Einnig telja foreldrar að sjaldnar sé leitað eftir tillögum og ábendingum frá þeim en landsmeðaltal. Ánægja með heimasíðu skólans er minni en landsmeðaltal.

Undir þættinum Heimastuðningur kom fram að foreldrar telja sig styðja vel við nemendur heima og mun hærri prósentu foreldra telja heimanám hæfilegt heldur en landsmeðaltal segir til um.

Eina sem er undir landsmeðaltali eru væntingar foreldrar til að börn þeirra ljúki framhaldsnámi á efri gráðum háskólastigs. Hins vegar telja flestir foreldrar sem svöruðu að barn þeirra muni ljúka fyrstu gráðu háskólanáms eða klára iðnnám.

Friðrik kynnti skóladagatal næsta skólaárs.

**Opin fundur með skólaráði:** Rætt var um að fá foreldrafélagið með í þá vinnu. Hverning getum við styrkt foreldrasamstarfið. Hvernig fáum við foreldra til að fylgjast betur með starfi skólans.

Fram kom hugmynd um að opni fundurinn færi fram með þeim hætti að fá nemendur til að kynna fyrir foreldrum t.d. einhverjar tæknilausnir. Opinn dagur í skólanum þar sem nemendur eru í aðalhlutverki. Skoða aðra viku í maí.

Fulltrúi nemenda talar um að hann vildi hafa lengri frímínútur og meira af skapandi verkefnum í vali.

Fundarritari: Katrín Fjóra Guðmundsdóttir